

## Vorfundur Kvasir 2006 - Sauðárkróki dagana 30. og 31. mars

### Þema: Fjarnám og fjarkennsla-Kennslufræði og tækni

#### Fimmtudagur 30. mars

1. Bryndís setti fundinn upp úr klukkan tíu og bauð fólk velkomið. Hún útskýrði hver voru tildrög þess að þema fundarins: Fjarnám og fjarkennsla, var valið. Hún sagði fundargestum að fundarstjóri fram að hádegi verði Emil Björnsson en Þorkell Þorsteinsson aðstoðarskólameistari Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra taki við eftir hádegi. Í framhaldi af því kynntu menn sig til fundarins.
2. Harpa Pálmadóttir var fyrst á dagskrá en hún flutti sitt erindi í fjarfundi. Eitthvað var tæknin að stríða okkur í byrjun og fengu menn sér bara meira kaffi og ávexti. Sú ákvörðun var svo tekin að færa Hörpu aftur fyrir og Ingibjörg Guðmundsdóttir frá Bifröst færð framfyrir.
3. Ingibjörg Guðmundsdóttir er umsjónarmaður fjarnáms á Bifröst. Hún fór nokkuð ítarlega yfir hvernig fjarnámi á Bifröst er háttað og hvað er í boði hverju sinni. Hún gat þess sérstaklega að fjöldi nemenda breytti fjarnámi sínu yfir í staðarnám og kæmi þá gjarnan fyrst á sumarönn. Með henni var Bragi Rúnar Axelsson og tók hann að sér að kynna vefviðmót nemenda og hvernig samskiptum á vefnum er háttað. Samskipti nemenda fara fram á eins konar MSN sniði og fyrirlestrar eru að mestu settir út á þetta innra net í upptökum. Kerfið sem notað er heitir Námsskjár (skoli.is) og er upprunalega búið til á Bifröst en Nepal uppfærði það og þróaði. Kerfið er í eigu Bifrastar og Fjöltækniskólinn og Landbúnaðarháskóli Íslands nota þetta kerfi líka. Auk þess selja og/eða leigja Bifrastarmenn aðgang eða not að þessu kerfi til annarra t.a.m. framhaldsskóla.  
Meðalaldur nemenda í skólanum er 35 ár og kynjaskipting er nokkuð jöfn.

4. Þá var komið að Hörpu Pálmadóttur sem talaði frá Reykjavík. Hún kynnti aðfara að þróun búnaðar frá því að fjarnám hófst við HÍ, en það mun hafa verið 1997. HÍ notaði PictureTel búnað sem fenginn var að láni hjá símanum í byrjun. Harpa hafði með sér Sigríði Sigurjónsdóttur, lektor í íslenskuskor, sem kennt hefur lengi í fjarnámi. Hún lýsti hvernig það hefur breyst í gegnum árin frá því að þurfa að nota raddstyrkinn mikið í það að geta verið afslöppuð í kennslu sinni. Sigríður sé óljósa kosti í að nota upptökur í fjanámskennslunni og á þann hátt skipulagt kennslu sína á einfaldari hátt. Hún segir að hún muni líklega neita nú ef hún yrði beðin að kenna beinlínis í fjarfundabúnaði, svo miklu munar um upptökurnar. Pétur Knútsson enskukennari var einnig spurður hvernig honum finnst að nota upptökur í kennslu í fjarbúnaði. Hann gat þess að á þann hátt er hægt að beina nemendum í fyrirlestra ákveðinna vikna til að rifja upp eða dýpka skilning sinn þegar lengra er haldið í náminu. Hann gat þess einnig að upptökur hafi áhrif á eigin kennslu þar sem kennari sér jú sjálfan sig einnig í upptökunum og getur nýtt það til þróunar á eigin kennslutækni og færni. Upptökur eru smátt og smátt að taka yfir í fjarkennslu hjá HÍ og uglaan hjálpar til við að miðla efninu til nemenda. HÍ notar nú einnig Mímíó og á næsta ári er stefnt að því að nota Modle einnig.

Harpa gat þess sérstaklega að þegar henni berast fyrirspurnir um nám í fjarnámi þá vísar hún beint til viðkomandi deilda til að sækjast eftir því. Hún nefndi það þó jafnframt að starfsmenn deilda beri við álagi og tímaskorti fyrir því að allt nám er ekki í boði í fjarnámi, sem og fjármagni.

Hvað er framundan hjá HÍ. Það er stefnt að því að í að í boði verði sem flestar greinar fjarnámi. Rektor er með ákvörðun um framhald á sínum snærum en ef Harpa heyrir ekki frá henni á næstunni þá muni hún fara í það sjálf að reyna að auka það.

5. Þorvaldur Pálmason verkefnastjóri fjarnáms hjá KHÍ gerði grein fyrir fjarkennslu frá KHÍ 2005-2006. Hann sagði í stuttu máli frá upphafi fjarnáms sem hann vildi meina að hefði byrjað með þróun stafrænu byltingarinnar og upphafi menntanetsins. Við það að Netið kemur fram verður hröð þróun með vefsíðugerð kennara. Í fyrstu eru það aðallega nemendur á landsbyggðinni sem stunduðu fjarnám við KHÍ en á síðustu árum hefur þróunin orðið sú að nemendur í fjarnámi eru

núna yfir 40% af höfuðborgarsvæðinu. Sumir nemendur hafa einnig valið þá leið að velja sum námskeið í fjarnámi en stunda önnur námskeið í staðnámi.

KHÍ notar Uglu sem upplýsingakerfi og WebCT sem kennslukerfi. Önnur námsumhverfi eru einnig notuð en aðallega sem tilraunakerfi. Hann sagði m.a. frá nýjum vefjum sem nýta upptökur og rauntímakennslu sem tekin eru upp bæði í sérstökum hljóð- og upptökuverum og í kennslustofum. Hann sagði frá að áhugi væri í skólanum að koma á fót 4-5 fullbúnum tölvustofum þar sem hægt væri að taka upp kennslustundir með fullkomnum mynd- og hljóðgæðum. Nýjasta kerfið er Wimba sem KHÍ fékk Skýrr til að þróa og Þorvaldur taldi að yrði notað mun meira í framtíðinni.

Hann sagði einnig frá þróun í framhaldsnámi fyrir kennara. Þar væri verið að vinna við kennslulíkön og nú taldi hann að við þróun framhaldsnámsins yrði mun betur skilgreint hvaða módel yrði notað í hverju fjarnámi fyrir sig. Hann sagði frá því að áhugi væri fyrir því að í farmhaldi af allri þeirri reynslu sem væri til, að sett væri á fót sérstakt kennsluþróunarsvið.

Að lokum sýndi hann dæmi um kennslulíkan, þar sem byrjað væri á sameiginlegri lotu þar sem nemendur ákveða og taka afstöðu til þess hvaða kennsluaðferðir hann vill fá að njóta í sínu fjarnámi, upptökur, eða nám á rauntíma í gegnum Horison Wimba.

Spurningar úr sal voru um innleiðingu á nýjustu útgáfu WebCT og hvernig Wimban reynist.

6. Ingimar Árnason sem er umsjónarmaður fjarkennslu í Verkmenntaskólans á Akureyri. Ingimar rifjaði upp sögu fjarkennslunnar í VMA sem hófst á vorönn 1994 þegar Haukur Ágústsson hóf kennslu í ensku með tölvupósti. Hann greindi frá þeirri hugsjón sem alla tíð hefur verið að ná til þeirra sem vegna búsetu, vinnu eða af öðrum ástæðum geta ekki stundað hefðbundið nám. Hann sagði frá hvernig námið er skipulagt með sérstökum námsefnispökkum sem sendir eru út til nemenda á ákveðnum vikudegi með skilaskyldu á öðrum vikudegi. Mikil áhersla er lögð á skil verkefna sem litið er á, á sama hátt og mætingu í staðnámi. Hann ræddi um hvernig próf eru send ennþá í pósti og lögð fyrir í skólum víðsvegar um landið. Þarna væri að verða vandamál vegna þess hve

margir skólar koma væru með fjarkennslu og að nokkrir skólar hefðu dregið úr því að bjóða upp á próftöku.

Fjöldi nemenda er á þessu skólaári 830 nemendur og er kynjahlutfallið 68% konur á móti 32% karla. Aldursdreifingin er þannig að flestir eru á framhaldsskólaaldri og með búsetu gildir það að flestir eru búsettir á Norðurlandi eystra.

Spurningar úr sal gengu út á hvaða framboð væri á námsgreinum og þar kom fram að auk flestra kjarnagreina til stúdentspróf væru einstakir tungumálaáfanga sem 3. og 4. mál. Ennfremur væru meistarnám iðnnema, sjúkraliðanám. Spurt var um prófstaði erlendis.

7. Sólrún Harðardóttir endurmenntunarstjóri Háskólans á Hólum. Fjarnám er einungis í boði í ferðamálaeild Hólaskóla og þá til að byrja með eins árs diplómanám. Þeir sem nú skrá sig í nám við Hólaskóla í ferðamálafræði eiga þess nú kost að klára allt námið sitt í fjarnámi. Hægt er að ljúka þessu námi á einu ári en þó varla með vinnu því vinnuálag námsins er of mikið til að slíkt sé hægt.

Algennt er að fólk í störfum á vegum sveitarfélaga sækir nám í ferðamálafræði á Hólum, fólk í sveitarstjórnnum og einnig fólk úr einkageiranum en þó eru þeir nemendur færri.

Í byrjun var notast við WebCT við kennslu á Hólum sem var unnið í samstarf við HÍ. Eftir það var farið að nota talglærutækni sambærilega og Þorvaldur gat. Nú er stefnt á að nota Modle og við fengum lítils háttar kynningu á þeirri tækni.

Nemendum hefur fjölgað til muna eftir að Háskólinn að Hólum fór að bjóða upp á fjarnám. Það er m.a. hlutverk Sólrúnar að finna út hvaða aðferðir henta nemendum best og hvernig einstök tækni virkar og hvað gagnast best. Þá er hún kennurum einnig innan handar við að útfæra tæknina þannig að hún gagnist best. Háskólinn að Hólum hefur staðbundnar lotur og segir Sólrún að það sé ómissandi því þannig kynnist nemendum og það er skemmtileg stemming í lotunum. Slíkar lotur voru ekki í byrjun en teljast nú ómissandi.

Modle býður upp á marga möguleika eins og t.d. kennslumat. Þar er hægt að fara inn og breyta og bæta og fólk sameinast um að byggja upp kerfið í sameiningu. Kerfið er að finna í [www.opnumlausnum.is](http://www.opnumlausnum.is) og er það mikið til ókeypiss. Fjölbraut í Breiðholti er leiðandi í notkun Modle og Sigurður Fjalar helsta driffjöður um kerfið. Það sem er sérstakt við Modle er t.d. að það er á íslensku og það er hægt að móta

kerfið þannig að það henti hverjum skóla fyrir sig. Öll umsýsla er mjög létt í Modle og nemendur skrá sig mikið til sjálfir í kerfið þannig að það þarf ekki neinn sérstakan kerfisstjóra fyrir kerfið.

8. Högskolecentret í Nyköping í Svíþjóð. Í fjarfundabúnaði voru mætt Arne Rehnsfeldt og Marita Gustavsson. Arne hóf mál sitt á því að spyrja hvort fólk vildi spyrja eða hvort þau ættu að segja frá. Ekki koma fram hvort hann heyrði og bað hann segja frá, en hann beið alltaf eftir spurningum. Emil bað hann að segja frá. Arne sagði frá þeirri tækni sem notuð væri. Það er kennsluumhverfi sem kallast Maratech og er byggt á því að nemendur mynda saman hópa sem nota Maratech sem umræðuvef.

Spurt var hver væri saga fjarkennslunnar í Nyköping. Arne sagði að aðeins væru 3 ár síðan kennsla hófst frá háskólanum í Nyköping. Nú hæfu um það bil 30 nemendur nám á hverju hausti.

Spurt var hvaða fög væru kennd í fjarnámi. Svarið var að aðallega væri það hjúkrun.

Spurt var hvort kennarar væru áhugasamir um að kenna í fjarkennslu. Svarið var að yfirleitt væru kennarar áhugasamir, rætt var um aukagreiðslur til kennara sem nú er á umræðustigi í Svíþjóð.

Spurt var um samvinnu annarra háskóla innan Svíþjóðar og koma fram að í bígerð er að setja saman nám á meistarastigi í hjúkrun sem væri samvinnuverkefni fleiri en eins háskóla.

Emil bað Arne um ráð til Íslendinga og eins hvort þeir ynnu með fræðslusetrum. Svarið var að þeir gerðu það ekki en ráðlagði hópnum að allar breytingar yrðu að vera vandlega undirbúnar

Spurt var frekar um Marratech kerfið. Gefin var upp slóðin [www.marratech.com](http://www.marratech.com)

9. Tæknin tætir og tryllir Emil Björnsson og Laufey Eiríksdóttir. Laufey reið á vaðið og talaði mest um fjarnám og/eða lotunám. Nemar fara allt upp í fimm sinnum á önn í staðlotur og það er að jafnaði einu sinni í mánuði. Með þessu móti má benda á að nemar búsettir á Austurlandi gætu allt eins flutt í bæinn svo mikill er kostnaðurinn við ferðir í þessar lotur. Laufey telur að Uglan í HÍ og Stefanía í HA séu tæki sem eru hreint frábær fyrir okkur sem sjáum um utanumhald með fjarnemum. Við lauslega könnun sem Laufey gerði meðal

fjarnemenda á Austurlandi þá kom það m.a. í ljós að nemar eru gramir yfir því hve margir kennarar kunni lítið á vefinn og að samskiptamöguleikar eru takmarkandi. Nemar eru líka ósáttir við að mismunandi vefir eru notaðir í sama skóla og að kennsluvefur og upplýsingavefur er ekki sá sami, sem og að engin samræming er á vinnu kennara á vefnum. Í þessari könnun kom í ljós að nemar fara að jafnaði einu sinni á dag inn á sinn vef. Grundvöllur að þessi könnun var gerð var að nemar hjá FNA voru töluvert að ergja sig á örum breytingum á notkun tækni og án fyrirvara.

Emil tók svo við og kynnti könnun sem hann tók á meðal okkar starfsmanna. Hann gat þess fyrst að hann hefði saknað þess að þeir aðilar sem komu frá háskólunum orðuðu ekki símenntunarmiðstöðvarnar og létu eins og þeirra væri ekki þörf. Nemar sækja þó í auknum mæli til stöðvanna til að fá aðstoð og að sækja í akademískt umhverfi. Hópamyndun og samkennd sem myndast við notkun myndfunda í miðstöðvunum orsakar milt og bætt námsumhverfi. Emil kallar eftir kynningu fyrir starfsfólk miðstöðvanna í notkun þeirrar tækni sem háskólarnir nota. Fjarnema vantar þjálfun og þjónustu sem nauðsynleg er og miðstöðvarnar geta veitt. Háskólarnir eiga að nýta sér þennan þátt. Starfsfólk miðstöðvanna eru í flestum tilfellum hæft til að veita tæknilega þjónustu bara ef háskólarnir nýta sér þennan millilið. Emil og Laufey buðu svo upp á fyrirspurnir sem varð að spjalli um kosti og galla fjarnáms. Það gleymist of oft að nám er í aðra röndina félagsleg athöfn.

Emil sagði frá því að verið er að þróa Netháskóla Íslands hjá FNA/ÞNA og bað um góð ráð og stuðning ásamt samstarfi frá öllum þeim aðilum sem sitja fundinn.

10. Erindi frá Mennt: Arnbjörn Ólafsson segir frá verkefni sem hann er að vinna í þessa dagana og heitir: Fagmennska fjarkennarans. Arnbjörn sagði frá alþjólegu samstarfsverkefni sem hann tekur þátt í ásamt fólki frá Grikklandi og Ítalíu. Verkefnið gengur út á það að rannsaka hvernig þjálfun kennarar sem sinna fjarkennslu fá áður en þeir demba sér í kennslu.

Hópurinn rannsakaði hvernig kennarar gætu aflað sér upplýsinga um kennslufræði fjarkennslu og hvernig fræðsluaðilar sinntu því að þjálfa verðandi kennara. Niðurstaða könnunar sem gerð var meðal kennara

og fræðsluaðila var að mikilvægast væri að fjarkennari hefði góð tök á upplýsingafærni, en að stjórnunarþáttur væri ekki eins mikilvægur. Hann sagði frá því sem hópurinn kom sér saman um að væri nauðsynlegur undirbúningur fyrir kennara. Þar er m.a. 160 stunda fjarnám sem væri viðurkennt af OCN eða Online courses network. Spurning úr sal var hvers vegna Mennt væri að sinna málum sem snéru að kennslumálum. Svarið var að það væri hlutverk Menntar að vinna að starfsmenntunarmálum.

11. Ásmundur S. Hilmarsson fjallar um markhóp Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins. Markhópurinn er fólk á vinnumarkaði með litla framhaldsmenntun, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar. FA á að gefa þessu fólk tækifæri til að ná í menntun við hæfi. Hópurinn telur vinnuafli og starfandi einstaklinga á vinnumarkaði. Til vinnuafli teljast þeir sem eru starfandi en einnig þeir sem eru atvinnulausir eða eru í atvinnuleit. Þetta er svolítið stærra hópur en hinir starfandi það kemur til að því hvað atvinnuleysi er lítið. Til markhóps FA teljast á þennan hátt 64.000 manns þar af eru 11.000 erlendir ríkisborgarar. Á aldrinum 25-64 ára eru 38.500 auk þeirra eru 10.000 erlendir ríkisborgarar. Það kemur til af því að erfitt er að meta menntun þeirra eða komast yfir þær upplýsingar. Ásmundur sýndi svo á korti dreifingu þessara einstaklinga á landakorti. Ásmundur bendir á að fjarnám á að vera í boði fyrir fólk alls staðar á landinu óháð búsetu. Hann kallar fjarnám þegar kennari og nemandi eru ekki á sama stað og rafrænt nám þegar leiðbeinandi greiðir fyrir námið með rafrænum hætti.

Hvað með fjarnám spyr Ásmundur? Hann talar um almennar hindranir eins og kynningu á náminu og kennslufræði. Sérstakar hindranir eins og framandi tækni og öðruvísi námsumhverfi nefnir hann til sögunnar. Ásmundur vitnar í könnun Jóns Torfa og Stellu máli sínu til stuðnings um hindranir á námi.

Ásmundur gat þess að namar velja ótvírætt fremur að framsetning sé í umræðum en fyrirlestri og yfir 82% kjósa myndræna framsetningu og nærri 93% vilja verklegt nám en fyrirlestri. Vinna, snerting og hlutbundið nám er það sem stendur upp úr þegar kannað er hvers konar námsnálgun namar velja. Fullorðnir þurfa ekki beinlínis kennarar eins og börn. Fullorðnir námsmenn þurfa leiðbeinanda sem styður við námsmanninn með raunverulegum verkefnum.

Tölvueign er algeng og tenging við internetið líka og skapar það góðar grunnforsendur til fjarnáms. Af þeim sem stunda skyldunám hafa 81% tölvu eða nálega 31.700 manns heima og í vinnunni. Þar af hafa 11% (3440 manns) stundað fjarnám með tölvu. Skoðaður var hópur af hálfu FA og hvað þau/þeir segðu um fjarnám. Svörin voru m.a. skortur á tölvufærni, fjarnám þjálfar illa persónulega færni, fólk hafði ekki aðstöðu til að stunda nám í vinnutíma, óvinsælt að nota frítímamann í námið, fjarnám stuðlar ekki að samkennd og tengslaneti og það er mikið brottfall.

Hver er þá staðan? Erfitt að fá hvers konar formlegt nám o.fl.....

Kostir: Fjarfundabúnaðurinn en í hann verður að mæta á ákv. tíma. En hann krefst ekki tölvufærni þátttakenda. Marratech er kostur sem vert er að skoða. Það er sveigjanlegt í rúmi en ekki tíma. Það er hægt að sækja það í einkatölvu og þá þarf vefmyndavél, heyrnatól og hljóðnema. Það býður upp á gagnvirkt tal, textaspjall, vefsíma, hreyfimyndir og glærur. Það er nothæft fyrir flestar kennsluaðferðir en það krefst tölvufærni og góðs netsambands.

Livemeeting er sveigjanlegt í rúmi en ekki tíma. Þar er hægt að sækja forrit í einkatölvu en það er einstefnutal. Tölvupóst þarf að nota í samskiptum við kennara en það er vel nothæft en þó fyrst og fremst fyrir fyrirlesara eða skipuleggjanda og það krefst tölvufærni.

FirstClass er sveigjanlegt í tíma og rúmi en það hentar ekki vel fyrir markhóp FA en það hentar vel til geymslu gagna. FirstClass líkist Modle nokkuð.

## **Föstudagur 31. mars**

### **Aðalfundur Kvasis Varmahlíð Skagafirði**

1. Bryndís kynnti skýrslu stjórnar. Umræður sköpuðust um fund með Menntamálanefnd seint á síðasta ári, eða hve illa nefndarmenn voru upplýstir um símenntunarmiðstöðvarnar. Bryndís og Valgerður fóru á þennan fund Menntamálanefndar. Fyrirspurn kom frá Soffíu hvort til væri undirskrifaður samningur við Leikn. Smára var falið að kanna hvar slíkur samningur er og beðinn að senda afrit af honum til stöðvanna. Bryndís fór svo almennt yfir fundi stjórnar og í framhaldi af því breytingar í hópi Kvasis.

2. Ína fór yfir rekstur ársins 2005. Eignir teljast samtals 965.067 kostnaður hljóðar upp á 311.418. Eignir teljast 1.033.598. Sjá nánar bls. 5 í Ársskýrslu 2005-2006. Fundarmenn lýsa ánægju sinni með rekstraryfirlit.
3. Starfsnefndarskil: Ína sagði frá verkefnastjórn um Símenntun. Hún sagði að lítið hefði gerst frá því á haustfundi þegar hún sagði frá starfi nefndarinnar. Ína sagði frá starfi FNV sem er Foreningen for Nordisk voksenundervisning að lítið hefði gerst í þeim málum. Um málefni skráningarkerfis FA kom fram að ekkert hefði heyrst um það enn. Um gæðamál FA kom fram að allt hefði komið fram sem sent hefði verið út til einstakra félagsmanna.  
Smári sagði frá Leikn sem stofnuð voru á síðasta ári. Nú eru félagar í Leikn 17 aðilar. Smári er formaður Leiknar. Helstu verkefni stjórnarinnar var að skrásetja samtökin og koma upp lógói samtakanna sem fundarmenn fengu að líta augum í fyrsta sinn. Hann sagði frá erlendum samskiptum Leiknar og tilraunum stjórnar til að afla tekna sem illa hefur gengið fram að þessu fyrir utan félagsgjöld. Fyrirhugaður er fundur um norræna tengslanetið sem haldinn verður á Íslandi í lok ágúst. Aðalfundur Leiknar verður haldinn 12. maí.  
Smári sagði einnig frá stjórnarsetu í stjórn Menntabruáarinnar og fjármálum tengdum Menntabruánni. Spurt var um framtíðarsýn tengdri bruánni og svaraði Smári því til að litlar breytingar væru framundan.

Ína sagði frá starfi þeirrar Ingu vegna vinnu um fjármál tengdum háskólanámi. Þetta var undirbúningur af hendi Kvasis ef til viðræðna kemur milli Kvasis og Menntamálaráðuneytisins um kostnað vegna háskólanámsins. Hún ræddi ýmsa möguleika til að finna út hvernig hægt væri að reikna út kostnað vegna háskólanáms. Möguleikarnir voru í fyrsta lagi hvort sama upphæð gæti verið fyrir allar miðstöðvarnar. Annar möguleiki gæti verið ákveðinn grunnur + reiknilíkan. Ætti reiknilíkanið þá að taka mið af fjölda hópa, fjölda prófa, fjölda fjarfunda eða fjölda einstaklinga.

Miklar umræður urðu um þennan þátt. Flestir voru sammála um að ákveðinn grunnur + reiknilíkan væri eðlilegasti kosturinn. Rætt var um hvað ætti að vera miðað við í reiknilíkaninu og ákveðið í lokin að

stjórnin haldi áfram með hugmyndina um ákveðinn grunn auk reiknilíkans af einhverju tagi. Einnig var rætt um hvernig hægt væri að hafa áhrif á pólitíska áhrifamenn og kom fram hugmynd að boða alla þingmenn á fund Kvasis. Rætt var um þátt Menntamálaráðuneytisins og bent var á að nær væri að skipta við Iðnaðarráðuneytið.

Ína sagði frá því að skýrsla nefndar um kostnað vegna háskólanámsins hefði verið tekin fyrir hjá stjórn MSS. Stjórn MSS var ósátt við hvernig landinu var skipt upp þegar menntunartölur voru framsettar. Þar var skipt upp eftir gömlu kjördæmunum og Suðurnesin þar tekin með t.d. með Hafnarfirði, Kópavogi o.s.frv. Þar af leiðandi lýsa þessar tölur ekki menntunarstiginu á Suðurnesjum.

Bryndís sagði frá gæðahandbók miðstöðvanna og að lítið hefði gerst í þeim málum og að stefnt væri að því að koma því verki af í haust. Bryndís sagði frá viðtali við Ingibjörgu hjá Fræðslumiðstöðinni um vinnu vegna gæðahandbókarinnar og skráningar kerfisins

Emil sagði frá Markviss og að starfandi Markvissráðgjafar séu sjö talsins. Emil og Erla Björg hafa farið í heimsókn til stöðvanna til að kynna starf Markviss og nú er spurning hvort ekki sé lag að þjálfu upp fleiri því Markviss er sannarlega gullnáma fyrir stöðvarnar. Emil gat þess að nú þyrfti að auglýsa námið og fór þess á leit að stjórn tæki að sér að auglýsa námskeiðið til stöðvanna. Svo þarf að gera rekstraráætlun og fara svo af stað sem fyrst. Ljóst er að vilji er til að halda áfram samstarfi um Markviss. Inga Dóra kvaðst vilja þjálfun sem Markviss ráðgjafi með fyrirvara um samþykki Ingu forstöðumanns og Ásmundur fór fram á frest til að bera hugmynd um þjálfun nýs ráðgjafa undir sína stjórn.

Smári kynnti heimasíðu Kvasis [www.frmst.is/kvasir](http://www.frmst.is/kvasir) og kenndi mönnum það hvernig hægt er að fara þarna inn og breyta eða bæta við. Samþykkt var að ársskýrsla Kvasis færi inn í pdf formi, eins var ákveðið að allar starfsnefndir fengju sinn stað á undirsíðu þar sem hægt væri að bæta við upplýsingum frá hverjum og einum.

## 6. Önnur mál

Soffía ræddi um Leonardo-styrkinn sem hægt væri að sækja um fyrir 1. október. Hún þyrfti að vita hver hefði áhuga á að fara og hvert. Styrkurinn er til mannaskiptaverkefna og skiptist á 2-3 sem vildu vinna saman ásamt einum aðila innan Evrópusambandsins. Fólk þarf að ákveða hverjir fara og hvert og hvenær.

Smári minntist á hvernig fólk skilgreindi þær upplýsingar sem safnað væri á vegum Kvasis um þáttakendur á námskeiðum og ræddi einnig sameiginlega upplýsingar sem sent er til Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Rætt var um þær kröfur sem gerðar væru til sundurliðanir á þeim námskeiðum sem féllu undir þá þátttakendur sem FA teldi sinn markhóp. Einnig var rætt hvernig námskrár FA væru framsettar og hvort kröfur um einingafjölda á námskeiðum væru ekki of miklar. Kom fram að kröfur um stundafjölda á hverju námskeiði hefðu lækkað og meiri sveigjanleiki væri en áður hefði verið talið.

Soffía bað um upplýsingar um fjölvirkjanámið sem 3 miðstöðvar hefðu sótt um styrk til. Ína sagði að þær myndu gera frekari grein fyrir því þegar starfið hæfist.

Ína sagði ennfremur frá styrknum sem Kvasir fékk frá starfsmenntaráði vegna náms í náms- og starfsráðgjöf frá HÍ. Kvasir fékk 2,5 milljónir fyrir næsta ár. Styrkurinn fer beint til félagsvísindadeildar HÍ til að koma á fót fjarnámi í greininni auk skráningargjalda. Kostnaðurinn við námið verður 10 milljónir alls. Rætt var um hvaða fólk færi í námið og hvort stöðvarnar væru tilbúnar að senda þangað fólk. Einnig var rætt um hvort ekki væri fleiri aðilar sem gætu staðið að þessu námi t.d. HA. Miðað við að ekki kæmu frekari styrkir til yrði kostnaðurinn við hvern nemanda kr. 375000 á ári. Ína bað fólk um að ákveða hvað ætti að gera og ákveðið var að fela verðandi stjórn framhald vinnunnar.

Ásmundur spurði hvort stöðvarnar hefðu starfsreglur fyrir kennara sem kenndu fullorðnu fólki. Svárið var nei en það kæmi vonandi með gæðahandbókinni.

---

Hann sagði einnig frá tölvukennslu meðal eldri borgara sem væri meðal annars einkakennslu á eigin heimilistölvu. Umræður urðu um reynslu fólks í þeim efnum.

Kosningar: Bryndís hverfur frá stjórn í þetta sinn og Ína lagði til að Ásmundur tæki hennar sæti í stjórninni. Hann hlaut kosningu með lófaklappi.

Stjórn Kvasis er því skipuð Guðjónínu Sæmundsdóttur MSS, Valgerði Guðjónsdóttur VISKU og Ásmundi Sverrissyni Fræðsluneti Suðurlands.: Skoðunarmenn reikninga voru kosnir með lófaklappi: Katrín María Magnúsdóttir og Erla Björg Guðmundsdóttir.

Kveðjur og þakkir fundarmanna voru síðan í lokin. Bryndís ræddi síðan í sínu þakkarávarpi hvort ekki væri rétt að hugsa fyrir öðrum tíma ársins fyrir bæði haust og vorfund.

Næsti fundur verður haldinn á Vestfjörðum, ekki ákveðið með nánari staðsetningu en stefnt að því að hittast í byrjun október.

Fundi slitið